
173. Guðmundur Ingi Guðbrandsson (Svar på spærgsmál)

Ég tek undir með Anne Beathe, við höfum verið að leggja mikla áherslu á að stjórnsýsluhindranaráð hafi næg úrræði til að geta tekist á við þau fjölmörgu vandamál og áskoranir sem þau standa frammi fyrir eða við stöndum frammi fyrir og þau eru að aðstoða okkur við að leysa. Við ræddum þetta sérstaklega á sumarfundi okkar núna í Halden þar sem sú hugmynd kom m.a. fram að hver og einn samstarfsráðherra myndi vera í mjög virku samtali við sína fulltrúa inni í stjórnsýsluhindranaráðinu til þess að við gætum þá náð betur til þeirra viðkomandi ráðherra sem hvert og eitt mál heyrir undir. Þannig gætum við ýtt þessu betur og hraðar áfram í gegnum pólitíkina. Ég tek bara undir með Anne Beathe að við biðjum um alla ykkar hjálp inni í þjóðþingunum til þess að þessir hlutir geti gerst hraðar heldur en þeir hafa kannski gerst. Þetta eru oft mjög flókin mál en það er mikilvægt að þetta sé áfram einn af stóru áherslupunktunum í okkar norræna samstarfi.

Skandinavisk oversettelse

Det stämmer, som Anne Beathe säger, att vi har prioriterat mycket högt att ge Gränshinderrådet tillräckligt med resurser för att kunna hantera det stora antal problem och utmaningar som det står inför, eller som vi står inför och rådet hjälper oss med att hitta lösningar på. Vi hade en diskussion om precis detta på vårt sommarmöte i Halden och där framfördes bl.a. idén att uppmana samarbetsministrarna att ha aktiva kontakter med sina respektive

delegater i Gränshinderrådet för att göra det lättare för oss att ha en dialog med de ministrar som är ansvariga för frågorna som behandlas. På det sättet skulle vi kunna förbättra och påskynda den politiska processen. Som Anne Beathe sade så ber vi er alla att hjälpa till i era parlament för att säkra en snabbare behandling av dessa ärenden. Det kan handla om mycket komplicerade frågor, men det är viktigt att se till att de fortsätter att prioriteras i vårt nordiska samarbete.

Information

Tal nummer

173

Typ

Svar på spørsmål

Person

[Guðmundur Ingi Guðbrandsson](#)

Status

Waiting for transcription

Datum

02.11.22 14:28